

Ár 2011, mánudaginn 27. júní, er í Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. 2/2011:

Keiludeild ÍR
gegn
Keilusambandi Íslands

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Mál þetta dæma Jón G. Zoëga, Helgi I. Jónsson og Snorri Olsen.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með kæru 1. júní 2011. Kærður er dómur Dómstóls ÍSÍ frá 29. maí 2011.

Málið var dómtekið 20. þessa mánaðar.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að mál þetta verði „tekið fyrir“ þrátt fyrir að kærufrestur sé liðinn samkvæmt reglugerð ÍSÍ og að „ÍSÍ veiti undanþágu samkvæmt grein 24.2“ og taki kærana efnislega fyrir.

Kærði krefst staðfestingar hins kærða dóms.

Í niðurstöðu hins kærða dóms segir svo: „Samkvæmt grein 24.1 í lögum ÍSÍ er kærufrestur til dómstólsins ein vika. Fyrirliggjandi gögn sýna að Íslandsmót það sem atvik málsins taka til var haldið dagana 2. til 5. maí sl. og hið kærða atvik átti sér stað í þriðju viðureign sem fram fór hinn 5. maí sl. Svo sem að framan greinir barst kera ÍSÍ hinn 19. þ.m. eða eftir að kærufrestur var liðinn og því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi.“ Málinu var því vísað frá dóminum þar sem kærufrestur var liðinn við móttöku kærunnar.

Skilja verður kröfugerð kæranda á þann veg að hann krefjist þess að mál þetta verði tekið til efnismeðferðar fyrir Dómstól ÍSÍ þrátt fyrir að kærufrestur hafi verið liðinn samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ.

Í greinargerð kæranda með kæru til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ þar sem mælt er fyrir um að Dómstóll ÍSÍ geti veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Kærandi fór þess ekki á leit við Dómstól ÍSÍ að dómstóllinn veitti leyfi til málshöfðunar á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis. Með því að ekki hefur reynt á þetta lagaatriði fyrir Dómstól ÍSÍ ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstól ÍSÍ.